

Rangárþing ytra
b/t Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 11. júní 2020
UST202005-200/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga - Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulag fyrir Leyni í Rangárþingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og nýju deiliskipulagi fyrir Leyni í Rangárþing ytra.

Aðalskipulagsbreytingin gengur út á að um 15 ha af landbúnaðarlandi (tún) er breytt í verslunar- og þjónustusvæði. Á svæðinu verður gert ráð fyrir allt að 45 gestahúsum og auk þess verður heimilt að byggja við hvert gestahús kúluhús. Hvert gestahús verður með gistingu fyrir allt að fjóra gesti eða samtals 180 gesti.

Auk þess er gert ráð fyrir 800 m² þjónustubyggingu á einni hæð og í húsinu verður starfsmannaaðstaða, veitingastaður, verslun og móttaka fyrir gesti.

Gert er ráð fyrir að þjónustuhús fyrir tjaldsvæði verði allt að 200 m². Það mun þjónusta gesti gestahúsanna auk gesta á almenna tjaldsvæðinu. Tjaldsvæðið verður stækkað til suðurs.

Við móttökuhúsið er gert ráð fyrir bílastæði fyrir allt að 85 bíla og fyrir 11 stæðum fyrir rútur/ stærri bíla.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 20. febrúar 2020 um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ásýnd


Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að ásýnd svæðisins breytist töluvert þar sem byggingar munu rísa á áður ræktuðu landi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkennum lands eins og kostur er. Umhverfisstofnun telur jákvætt er kemur fram í greinargerð að útlit bygginga skal samræma og hanna þannig að þær falli vel að landi og umhverfi og

gert er ráð fyrir að torfpök verði á öllum húsum og þau verða öll með viðarklæðningu í jarðlitum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur